


# BREYTING Á AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008 - 2020

## EFSTI HLUTI BORGARLANDS OG FÆRSLA Á VEGTENGINGU MILLI BORGARLANDS OG VÍKURLANDS



AÐALSKIPULAG DJÚPAVOGSHREPPS 2008-2020.  
MÆLIKVARÐI 1:5.000



BREYTING Á AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008-2020.  
MÆLIKVARÐI 1:5.000

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti á fundi sínum þann 13. júní 2019 óverulega breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020, sem tekur til íbúðarsvæðis í efsta hluta Borgarlands og færslu á veggengingu milli Borgarlands og Víkurlands.

### 1. FORSENDUR

Samkvæmt Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 eru skilgreint íbúðarsvæði beggja vegna efsta hluta götunnar Borgarlands. Á milli íbúðarsvæða sunnan götunnar er líttur reitur sem skilgreindur er sem óbyggð svæði. Um er að raða þegar raskð svæði þar sem áður tengdust gatan Hlíð og Borgarland. Sú tenging var rofin fyrir alllöngu þegar Hlíð var gerð að botngötu. Svæðið er nýtt sem bílastæði og að öðru leyti er það þakkið lúpinu.

Í aðalskipulagi er sýnd um 500 m löng veggenging milli efsta hluta Borgarlands og Víkurlands sem liggur um nær óbyggð svæði sem skilgreint hefur verið sem íbúðar- og frístundabyggðarsvæði. Þessi tenging er nýframkvæmd sem mun ligga um rýti mölendi og gamalt ræktarland en númerandi tenging milli þessara tveggja gatna liggur nokkrum austar.

Austan við íbúðarsvæðin við efsta hluta Borgarlands er berggangu sem nær frá Hlíð í suðri að Víkurlandi í norðri. Nýtur bergganguinn hverfisverndar samkvæmt aðalskipulagi.

Hugmyndir að deiliskipulagi á svæðinu ligga fyrir og er þar horft til að skapa heildstæða götumynd í framhaldi af þeiri byggð sem nú er við Borgarland. Stækkan íbúðarsvæðis sunnan við Borgarland er því talin mikilvægar þáttur í þeiri þróun. Þá er færslu á veggengingu milli Borgarlands og Víkurlands talin mikilvæg til að skapa megi heildstæðari byggð á fyrirhuguðum íbúðar- og frístundabyggðarsvæðum.

## SKÝRINGAR

- MIÐSVÆÐI
- ÍBÚÐARSVÆÐI
- FRÍSTUNDABYGGÐ
- HAFNARSVÆÐI
- ATHAFNASVÆÐI
- ÓBYGGÐ SVÆÐI
- VÖTN, ÁR OG SJÓR
- LJÓSLEIÐARI
- GÖNGULEIÐIR
- STOFNVEGIR
- ÞJÓNUSTUSTOFNANIR
- HVERFISVERND INNAN PÉTTBÝLIS
- OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
- LEIKSVÆÐI
- TILLAGA SVEITASTJÓRNAR ÁÐ FRIDLÝSINGU NÁTTÚRUMINJA
- "Sfinx"




Mynd 1. Efsti hluti Borgarlands og íbúðar- og frístundasvæði norðan þess. Veggenging milli Borgarlands og Víkurlands liggur frá miðri mynd til vinstru (mynd: Svarmi ehf.)

### 2. BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

#### 2.1 STÆKKUN ÍBÚÐARSVÆÐIS

Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi er gert ráð fyrir að íbúðarsvæði sunnan Borgarlands stækki um 1.000 m<sup>2</sup> til vestur þar sem nú er óbyggð svæði. Með þessu móti þéttist byggð og ásýnd götunnar verður heildstæðari.




Mynd 2. Óbyggð svæði milli Hlíðar og Borgarlands

Í texta greinargerðar (kafla 5.9.1) þar sem segir: „Ennfremur fæst heildstæðari mynd af íbúðarbyggð svæðisins og númerandi byggð er styrkt og þétt“ skal bætt við í beinu framhaldi: „Leggið skal áherslu á að öll uppygging á íbúðarsvæðum við Borgarland og norðan þess taki mið af númerandi byggð á svæðinu og horft sé til þess að skapa rökréttu, mannvænu og heildstæðu ásýnd byggðar. Leggið skal áherslu á að skipulagning svæðisins yti undir aðra ferðamáta en bíla með skilvirkum, rökréttum og aðlaðandi göngu- og hjólaleiðum. Að byggð á svæðinu rýri með engum hætti staðhætti, menningarlagslag og náttúru þess.“

#### 2.2 FÆRSLA Á VEGTENGINGU

Aðalskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir að veggenging milli Borgarlands og Víkurlanda verði færð til austurs. Hún verður betur felld að landi og látin renna saman við númerandi veg um svæðið nokkrum sunnan við mórk frístundabyggðarsvæðis. Með þessu móti skapast betri möguleikar á heildstæðari byggð og öruggara umhverfi á svæðinu, þar sem tengingin mun fara um jaðar byggðar en ekki um hana miða.



Mynd 3. Horft frá Borgarlandi til norðurs í átt að Víkurlandi

Í texta greinargerðar (kafla 5.9.1) þar sem segir: „Þá munu samgöngur innan þéttbýlisins verða skilvirkari, þar sem Borgarland tengist Víkurlandi, sem gæti létt á umferð um Búland og Markarland“ skal bætt við í beinu framhaldi: „Veggenging milli Borgarlands og Víkurlands skal staðsett þannig að sem heildstæðust byggð fáist á íbúðar- og frístundabyggðarsvæðum. Leiðbeinandi staðsetning vegartengingarinnar er sýnd á aðalskipulagsupprætti en nákvæmleg lega hennar skal ákváðast af deiliskipulagi. Gæta skal vandlega að því að vernda staðhætti, menningarlagslag og náttúru á svæðinu og að vegarað rýri slíkt ekki með nokkrum hætti. Allar framkvæmdir við veggenginguna skulu falla vel að landi og skal umhverfisraski haldað í lágmárti.“

Samfara færslu veggengingarinnar er aðkoma, sem á aðalskipulagsupprætti er ranglega merkt Borgarður í stað Mela, fjallægð. Skipulag og útfærslar gatna á íbúðarsvæðinu fer fram í deiliskipulagi, en kvöð er að tengingu númerandi húsa við gatnakerfi.

#### 2.3 UPPFÆRSLA Á MÖRKUM ÍBÚÐARSVÆÐIS OG HVERFISVERNDAS ÓBYGGÐS SVÆÐIS

Frá því Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 tók gildi árið 2010 hefur það svæði sem hér er til umfjöllunar verið kortlagt með allítarlegum hætti í tengslum við fyrirhugaða deiliskipulagsgerð og uppygginginu innan þess. Í þessari aðalskipulagsbreytingu eru því gerðar breytingar á upprætti sem taka mið af þessari kortlagningu. Hér er því ekki um neina breytingu á stefnu sveitarfélagsins að ræða heldur einungis uppfærsla á grunni nýrra upplýsinga og betri gagna til vinnslu upprætti.

### 2.4 FÆRSLA Á BOTNLANGA VIÐ KLIF

Til viðbótar er botnlangi Borgarlands við Klif (merkt Klifið á upprætti) færður til vestur um 60 m. Í stað þess komi óbyggð svæði með hverfisvernd og gönguleið. Með þessu er verið að draga úr óþarfa umferð bila inn á óbyggð hverfisverndað svæði. Sömuleiðis er leiðbeinandi staðsetning gönguleiða uppfærð til samræmis við skodun á vettvangi. Nákvæm staðsetning gönguleiða verður ákvörðuð í deiliskipulagi.

Í texta greinargerðar verður bætt við (kafla 5.13.2): Innan hverfisverndaðra svæða skulu göngustígur ávalt falla mjög vel að landi og þess gætt að heildaryfirbragði, menningarlagslag, náttúru og staðháttum sé ekki spilt.

### 3. TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Aðalskipulagsbreytingin hefur ekki áhrif á aðrar skipulagsáætlunar en Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020. Ekcert deiliskipulag er til af löðinni.

### 4. NIÐURSTAÐA SVEITARSTJÓRNAR

Í leiðarljósi Aðalskipulags Djúpavogshrepps 2008 - 2020 segir að stefti sé, eftir fremsta megni, að tryggja þeim sem búa eða dvelja í sveitarfélagini til lengri óðra skemmti tíma, örugg og áhugaverð búsetusílýrði. Í því skyni sé sérstaklega litð á hina sérstökum náttúru svæðisins og menningarminjanum sem auðlind og/eða uppsprettu sem beri að horfa til í sambandi við skilgreiningu á landnotkun innan sveitarfélagsins, s.s. náttúruvernd, minjavern, ferðamennsku, ferðaþjónustu, útvist og sjálfsmynd íbúanna.

Þá segir í meginforsendum skipulagsins að stefti skuli að verndun menningarminja og leggi skuli áherslu að að verndun svæða sem hafa mikilvæg náttúruvarsleg og/eða jarðfræðileg gildi.

Að mati sveitastjórnar Djúpavogshrepps fellur þessi tillaga að breytingu á aðalskipulagi mjög vel að þessari sýn. Auk þess stýr hún þéttingu og heildstæða ásýnd byggðar, fellir uppyggingu betur að landi og staðháttum og styrk þannig ennfrekar þá heildsteypu verndarstefnu sem kemur fram í gildandi aðalskipulagi.

Sveitastjórn telur hér um óverulega breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 að ræðu sbr. 2 mgr. 36. gr. skipulagslag nr. 123/2010, og lítur svo á að breytingin muni hafa mjög jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslag nr. 123/2010

var samþykkt í sveitastjórn Djúpavogshrepps þann 18/6 2019.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 18/9 2019.

 Anna Hild Einarsdóttir

Gudr. Jónas



**TGJ**  
hönnun · ráðgjöf · rannsóknir

Tjarnargöt 4, 101 Reykjavík - Sími: 562 7750  
www.tgj.is | www.telja.is | tgj@tgj.is

### TILLAGA AÐ AÐALSKIPULAGSBREYTINGU

teiknað: VJ

mælikvarði: 1:5000

dagsetning: 31.05.2019

staða: lokið

Teikn. nr. DJÚ\_ABOR\_ÍBÚ\_V1

frumgerð: A2